

## **88. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 26. september 2013 kl 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.**

**Mætt eru: Ævar Rafn Marinósson Dagrún Þórisdóttir Steinunn Leósdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Indriði Þóroddsson, Siggeir Stefánsson og Ólafur Steinarsson sem ritaði fundargerð.**

Varaoddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við fundarboð og svo var ekki. Ákveðið var að bæta einum lið í viðbót á dagskrá sem lið nr 17. Umsókn um skólavist utan lögheimili sveitarfélags. Oddviti tók svo við stjórn fundarins í lið nr. 2

**1. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 87.**

Lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð Fræðslunefndar dags 10. september 2013**

Lögð fram til kynningar.

**3. Fundargerð Íþróttta og Tómsundarnefndar dags. 17. september 2013.**

Lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn tekur undir með tillögu nefndarinnar um stjórn íþróttahússins og mælir með að stjórnina skipi, fulltrúi frá UMFL, formaður Íþróttta- og tómsundarnefndar, fulltrúi tilnefndur af Svalbarðshrepp og sveitarstjóri sem jafnframt verði formaður nefndarinnar.

**4. Fundargerð frá Vegagerðinni vegna Hafnarframkvæmda á Þórshöfn dags 4. september 2013**

Lagt fram til kynningar, sveitarstjóri fór stuttlega yfir málið, verklok eru eftir 3-4 vikur og haldið verður í framhaldi af því á Bakkafjörð.

**5. Fundargerð nr 808 frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga. dags, 13. september 2013**

Lögð fram til kynningar.

**6. Fundarboð til aðildarfélaga að samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum.**

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóri fer á fundinn.

**7. Tilkynning frá innanríkisráðuneytinu um ársfund Jöfnunarstjóðs.**

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóri fer á fundinn.

**8. Auglýsing um umsókn vegna Byggðakvóta 2014 frá Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytinu**

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóri staðfesti einnig að búið væri að senda inn umsóknina.

**9. Ósk um umsögn á tillögu á frumvarpi um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.**

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að kynna sér málið.

**10. Tilkynning frá Fiskistofu um greiðslu sérstaks strandveiðigjalds til hafna.**

Lagt fram til kynningar

**11. Bréf frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu varðandi tilnefningu til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu dags 20.september 2013**

Lagt fram til kynningar

**12. Brunabót – ágóðahlutagreiðsla 2013**

Lagt fram til kynningar

### **13. Bréf á Hreppsnefnd Langanesbyggðar frá íbúum á Dvalarheimilinu Nausti**

Íbúar á Nausti hafa óskað eftir því að gengið verði betur frá aðkomu að Dvalarheimilinu og hellulagt fyrir framan húsið. Sveitarstjóri segir að það sé til eitthvað af hellum í þessa framvæmd og óskinn sé sannarlega á rökum reist. Sveitarstjóra falið að kanna hvað framkvæmdin kosti og hvaða möguleikar séu í stöðunni.

### **14. Bréf frá Guðmundi Jóhannssyni**

Sveitastjóra falið að ræða við báða málsaðila.

### **15. Úrsögn úr fræðslunefnd og sem varamaður í stjórn frá Ólöfu Kristínu Arnmundsdóttur**

Sveitarstjórn hefur borist beiðni um lausn frá embættisskyldum Ólafar í sveitarstjóramálefnum og er fallist á beiðnina.

### **16. Skýrsla sveitarstjóra**

#### **a. Deildarstjórafundur 25. september 2013.**

Sveitarstjóri hélt góðan fund með lykil stjórnendum í sveitarfélaginu í gær þar sem var farið yfir endurskoðaða áætlun og áætlunargerð fyrir næsta ár. Vel heppnaður fundur.

#### **b. Staða á endurskoðun rekstraráætlunar.**

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á endurskoðun á áætlun 2013 og endurskoðunarvinnu.

#### **c. Lánayfirlit sveitarfélagsins.**

Sveitarstjóri lagði fyrir fundinn yfirlit yfir öll lán sveitarfélagsins og mælist til þess að skoðað verði hvort og þá hvernig hægt væri að endurskipulagga lánasafnið.

#### **d. Fundur með landeigendum við Finnaþjórd 17. september 2013.**

Fundur var haldin með Landeigendum í Finnaþjórdi og var hann í alla staði mjög vel heppnaður. Hafsteinn Helgason frá Eflu var með framsögu um verkefnið. Fundargögn hafa verið send á alla sem sóttu fundinn.

#### **e. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2013.**

Er í Reykjavík dagana 3.-4. október og mun oddviti, sveitarstjóri og skrifstofustjóri sveitarfélagsins sækja fundinn.

#### **f. Aðalfundur Eypings 2013.**

Verður 27.-28. september og mun oddviti og sveitarstjóri sækja fundinn.

#### **g. Úthlutun á sértækum byggðarkvóta frá Byggðastofnun.**

Bakkafjörður var ekki með í úthlutun á sértækum byggðarkvóta sem Byggðastofnun sá um. Vekur þetta mikil vonbrigði þar sem mat manna var að Bakkafjörður uppfyllti öll þau skilyrði sem sett voru fyrir úthlutuninni Sveitarstjóri hefur sent ákall á þingmenn kjördæmisins um aðstoð í þessu máli og óskað eftir skýringum frá Byggðastofnun hvers vegna Bakkafjörður var felldur út. Fyrir í dag kom sendur rökstuðningur frá Byggðastofnun sem ekki er fallist á. Sveitarstjórn krefst endurskoðunar á málinu og er sveitarstjóra falið að vinna frekar í málinu.

#### **h. Fundur með Sýslumanninum á Húsavík.**

Sveitarstjóri fundaði nýlega með Sýslumanni varðandi ýmiss mál m.a. löggæslumál. Staðan í löggæslumálum í sveitarfélaginu hefur verið óviðunandi þar sem ætlast er til þess að einn starfsmaður sinni allri löggæslu á stóru svæði. Sveitastjórn lýsir yfir áhyggjum á stöðunni og felur sveitarstjóra að rita innanríkisráðherra bréf og ítreka þessar áhyggjur.

#### **i. Vaxna umsóknir.**

Sendar hafa verið tvær styrkumsóknir í Vaxna, önnur vegna Finnaþjórdarverkefnisins og hin vegna Skoruvíkurfamkvæmda.

**j. Viðtalstímar við sveitarstjórnarmenn tillaga um útfærslu**

Tillaga að fundartímum samþykkt.

**17. Umsókn um skólavist utan lögheimilis sveitarfélgs.**

Fært í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 19:00